MMF 03.005

Lökkun gamalla hurða og karma innanhúss með heilspörtlun

FLOKKUR	VERKÞÆTTIR	MÆLING
03 Hurðir og karmar	14	Fermetrar og lengdarmetrar

VERKÞÆTTIR

1. Hreinsa og skafa lausa málningu.
2. Slípa.
3. Grunna.
4. Slípa.
5. Blettspartla með lakkspartli og slípa.
6. Heilspartla og slípa.
7. Heilspartla og slípa.
8. Grunna.
9. Slípa undir lakk.
10. Kítta þar sem við á.
11. Lakka með glans eða möttu lakki.
12. Slípa létt.
13. Lakka með glans eða möttu lakki.
14. Frágangur og tiltekt.

MÆLING OG UPPGJÖR

- Hurðarspjöld mælast í fermetrum, mæla skal báðar hliðar og kanta.
- Taka þarf fram hvort hurðarspjöld séu slétt, yfirfelld eða með spjöldum.
- Karmar mælast í lengdarmetrum.
- Taka þarf fram ef karmar eru með hvelfdum eða margbrotnum áfellum (gereftum).
- Gefa þarf upp breidd karms og áfellu (gerefti).